

**Geðhjálp fer út úr  
verkefninu Geðrækt**

# Nýr sam- starfs- samningur gerður

NÝR samstarfssamningur hefur verið gerður milli Landlæknisembættisins og geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss um framhald heilsueflingarverkefnisins Geðræktar. Þessir aðilar hófu verkefnið á síðasta ári ásamt Geðhjálp en vegna óvissuástands innan samtakanna samþykkti núverandi stjórn þess að fara út úr verkefninu. Framhaldsaðalfundur Geðhjálpar verður haldinn á morgun þar sem til stendur að kjósa nýjan formann og stjórn.

Héðinn Unnsteinsson, verkefnisstjóri Geðræktar, sagði að verkefnið héldi áfram af fullum krafti – bara án aðildar Geðhjálpar. Samkvæmt nýjum samstarfssamningi er Geðrækt sjálfstætt starfandi fræðslu- og forvarnarverkefni í samstarfi við embætti landlæknis og geðsvið Landspítalans. „Þetta var samhlíða ákvörðun og þótti ljóst að ekki væri hægt að vinna undir þessu ástandi innan Geðhjálpar,“ sagði Héðinn.